

Vetrarstemma

MYNDLIST

Gallerí MAN,
Skólavörðustíg

MÁLVERK &
BLÖNDUÐ TÆKNI

Guðbjörg Lind Jónsdóttir,
Guðrún Kristjánsdóttir og


Kristín Jónsdóttir
frá Munkaþverá.

Til 15. janúar.

Opið á verslunartíma.

GILDI samsýningar þeirra Guðbjargar Lindar, Guðrúnar og Kristínar felst í samræminu milli verka þeirra og sameiginlegri áætlun að bregða upp mynd af vetrinum. Hversu oft fara ekki samsýningar út um þúfur af þeirri einföldu ástæðu að engin ástæða finnst fyrir samsýningunni önnur en hagsmunaleg? Að vísu má segja að oss skáni því smám saman virðist renna upp ljós fyrir æ fleiri listamönnum að salarkynni gera sig illa þegar þau eru full af marklausum tætingi, sínum úr hverri áttinni, nema því aðeins að ætlunin með sýningunni sé að lýsa markleysu og tætingi. Og þó svo að sýningin í MAN búi ekki yfir lúðrablæstri í véfréttastíl, heldur sé á afar hógværum nótum – jafnvel fullhógværum – virðast þær stöllurnar hafa tekið fullt tillit til þess markmiðs sem þær einsetja sér; nefnilega að draga fram kyrrð og látleysi vetrarins.

Annað sem vekur athygli er augljós nálgun sýnenda við heim listiðna og handverks. Það má svo sem segja að Kristín sé sprottin úr þeim farvegi meðan Guðbjörg Lind og Guðrún hafa gefið sig út fyrir að vera óháðar þeirri hlið myndlistar. Sýningin gefur hins vegar nægilegt tilefni



Morgunblaðið/Halldór B. Runólfsson

Frá sýningu þriggja kvenna í Gallerí MAN við Skólavörðustíg.

til að ætla að munurinn milli svokallaðrar frjálsrar myndlistar og handverkslistar þverri óðum. Allar eiga þær til að mynda verk sem sett eru saman úr margfeldi eða meira eða minna stöðluðum einingum en þess háttar samsetning – sem rekja má aftur til hinna kröftugu raðverka Evu heitinnar Hesse á sjöunda áratugnum – gengur á sveig við

til vill tekst þetta hjá þeim vegna þess að vetrarþemað er nægilega dempað til að leyfa slíkt stefnumót milli handverks og óháðrar myndlistar.

Alltént er þetta óvitlaus tilraun og til marks um vilja kvennanna þriggja til að þreifa fyrir sér um nýjar sýningarleiðir.

Halldór Björn Runólfsson